



Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1311
komudagur 14.4.2005

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 12. apríl 2005
2005040054/91/SG/gh

Efni: Frumvarp til laga um almannatryggingar, 229. mál.

Vísað er til bréfs heilbrigðis- og trygginganefndar frá 8. apríl þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingar á lyfjalögum.

Með þessari breytingu er stefnt að einföldun á endurgreiðslum og aukinni greiðsluþátttöku vegna tannlækninga barna og lífeyrisþega.


Litið er til þeirra framfara sem orðið hafa á tannheilsu á síðustu árum, fækkun tannskemmda hjá börnum og minnkun tanntaps hjá fullorðnum. Það er í takt við nýja tíma að leggja til lengra tannverndartímabil fyrir börn og ungmenni og aukna aðstoð til fullorðinna við að halda munni sínum tenntum.

1. Aldursviðmið. Það er jákvætt skref í rétta átt að miða við 20 ára aldur ungmenna. Algengt er að ungmenni búi í foreldrahúsum til 20 ára aldur og lengur. Framfærsla þeirra er oft á herðum foreldra og getur verið fjárhagslegur baggi og leitt til ákveðinnar vanrækslu á tönnum með alvarlegum og dýrum afleiðingum. Skref þetta mætti síðan stækka með hækkun tannverndaraldurs ungmenna til 25 ára og lengur og á sama tíma færa aldurmörk fullorðinna niður úr 67 árum í 65, 60 o.s.frv. með það fyrir augum að auka tryggingarétt varðandi almennar tannlækningar. (Sbr. reynslu Finna).

2. Hlutfall endurgreiðslu. Það er jákvætt að leggja til auknar endurgreiðslur. Í almannatryggingum tíðkast hinsvegar ekki 100% greiðsluþátttaka hvað varðar almenna læknishjálp, þjálfun eða lyfjakaup nema í undantekningartilvikum og skýtur því 100% greiðsluþátttaka nokkuð skökku við aðrar reglur almannatrygginga. Hér gæti farið betur að miða við 90% endurgreiðslur sem almenna reglu og setja inn ákvæði um 100% endurgreiðslur skv. reglum sem ráðherra setur sbr. 3. liður tillögunnar.

3. Tannlækningar nútímans. Það er í takt við nýja tíma þegar flest börn eru með heilar tennur og þurfa ekki umfangsmiklar tannlækningar að beina auknum greiðslum almannatrygginga að nútímalegum tannlækningum fullorðinna sbr. aukna þátttöku í gullfyllingum, krónum, brúm og tannplöntum.

Virðingarfyllst,


Sigurður Guðmundsson
landlæknir